

Nd.

115. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 27. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 bælist ný málsg., svo hljóðandi:
Sækjandi greiðir til bráðabirgða ferðakostnað og dagpeninga og gjald fyrir sáttatilaun og úrskurð samkvæmt b-lið 1. málsg. 21. gr., og verjandi fyrir úrskurð samkv. a-lið sömu málsg., en í sátt og úrskurði skal að lokum kveða á um það, hvern þátt verjandi og sækjandi eftir a-lið 1. málsg. 21. gr. skuli taka í greiðslum þessum.

2. gr.

Aftan við 82. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:
Vixilmál og tékka má sækja í þinghá þar, sem greiðslustaður vixilsins eða tékkans er. Nú er vixill eða tékki, sem út hefir verið gefinn erlendis, innheimtur hér á landi í vixilmáli eða tékka, og má þá mál höfða á varnarþingi innheimtumanns, ef hann er banki eða sparisjóður eða hann hefir skuldheimtu að atvinnu sinni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.